

Alþingi
Erindi nr. 35/26/26
komudagur 29.10.2007



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 25. október 2007
Tilv. 012/7705/MJ/KG

Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til fjárlaga 2008

Vísað er til bréfs frá 18. október 2007

Veðurstofan fagnar þeirri nýbreytni í störfum umhverfisnefndar að leita eftir umsögn stofnana um fjárlagafrumvarpið (fjár08). Í frumvarpinu fyrir árið 2008 er ýmislegt jákvæðara gagnvart Veðurstofunni en verið hefur í fjárlögum um langt skeið. Er þar fyrst að nefna að ekki er krafist óskilgreindrar hagræðingar sem alls hefur leitt til um 50 m.kr. (verðlag 2007) samdráttar á rekstrarfjárveitingu til stofnunarinnar á síðustu sex árum. Í öðru lagi fagnar Veðurstofan sérstaklega framlagi sem veitt er til loftslagsrannsókna en sá málaflokkur hefur lengi liðið fyrir skort á fjármagni hér á landi. Loks er ástæða til að lýsa yfir ánægju með fjárveitingu til þeirra verkefna sem Veðurstofan hefur gert tillögu um að unnin verði í setri Veðurstofunnar á Ísafirði, enda sé tryggt að fjárveitingar til þessa reksturs verði inn í fjárlagagrunni Veðurstofunnar næstu árin.

Hins vegar eru nokkur atriði sem Veðurstofan telur að þarfnist úrbóta í fjár08. Í fyrsta lagi vill stofnun vekja athygli á fjárveitingu til tækja og búnaðar. Er gert ráð fyrir 20.0 m.kr. fjárveitingu til þessa á árinu 2008. Í meðfylgjandi töflu sést hvernig þessi liður hefur verið undangengin ár:

Stofnkostnaður – tæki og búnaður

Ár	2002	2003	2004	2005	2006	2007	(2008)
m.kr.	28,5	28,5	25,6	40,6*	20,0	42,7**	(20,0)

* Inni í þessu er tímabundið framlag 15,0 m.kr til að kaupa búnað til móttöku gervihnattaveðurgagna þannig að til almennra tækjakaupa var veitt 25,6 m.kr. árið 2005.

** Í þessari upphæð er 25,0 m.kr. skilyrt framlag til að koma upp veðurratsjá á Austurlandi enda fáist a.m.k. 50 m.kr. framlag frá ICAO til þessa verkefnis. Til almennra tækjakaupa er því veitt 17,7 m.kr. á árinu 2007.

BÚSTADAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is

Af þessu sést að fjárveitingar til almennra kaupa á tækjum og búnaði hafa verið verulega lækkaðar á síðustu fimm árum eða svo. Er rétt að benda á að til að reka stofnun eins og Veðurstofuna þarf tækjabúnaður að vera öflugur og með miklu rekstraröryggi, bæði á sviði tölvumála og í upplýsingatækni svo og vegna umfangsmikilla kerfa mælitækja á sviði gagnaöflunar um veður og jarðskjálfta (tækjabúnaður til vöktunar á snjóflóðum er greiddur úr Ofanflóðasjóði). Lauslega áætlað telur Veðurstofan að nývirði alls búnaðar (ekki hugbúnaður) og tækja sem hún notar nú við rekstur sinn sé ekki undir 300 m.kr. Miðað við eðlilegar afskriftir og endurnýjunarþörf er ljóst að 20 m.kr. draga stutt og að möguleikar á nýsköpun hljóta að vera takmarkaðir við þessar aðstæður. Telur Veðurstofan að árleg lágmarksþörf til þess að halda í horfinu sé a.m.k. 40 m.kr. Er þess farið á leit að þessi liður verði hækkaður í a.m.k. 30 m.kr. á árinu 2008 og síðan í 40 m.kr. árið 2009.

Í annan stað telur Veðurstofan að nauðsynlegt sé að efla hina daglegu veðurþjónustu. Mikill áfangi náðist sl. vor við opnun nýs upplýsingavefs stofnunarinnar www.vedur.is, en mun betur er hægt að gera og á að gera. Hefur Veðurstofan lagt fram við umhverfisráðuneytið áætlun um að koma upp myndveri á stofnuninni. Er þar gert ráð fyrir samvinnu við annan fjölmiðil um rekstur þess en forsenda fyrir því samstarfi er að slíkri aðstöðu verði komið upp á stofnuninni. Nýting upptökuvers og þess búnaðar sem þar er fyrirhugað að hafa til staðar gerir stofnuninni mun betur kleyft að bæta þjónustu sína við notendur. Einnig skapar það stofnuninni ýmis tækifæri til frekari flutninga verkefna út fyrir höfuðstöðvar stofnunarinnar í Reykjavík, þar sem myndver með þeim búnaði sem hér er hugsaður gerir ýmis konar vinnslu, samskipti og miðlun upplýsinga mun auðveldari. Er kostnaður við þetta verkefni áætlaður um 22 m.kr.

Loks vill Veðurstofan vekja athygli á að öll veðurspástarfsemi á stofnuninni hefur nú fengið vottun skv. alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001. Er unnið að því að fá aðra starfsemi stofnunarinnar vottaða með sama hætti. Öll mælingastarfsemi Veðurstofunnar er þar efst á blaði en til þess að gera það kleyft þarf að tryggja að öll mælitæki séu reglulega prófuð og kvörðuð. Búnaður til slíks er af afar skornum skammti til á Veðurstofunni og er farið fram á að hægt verði að bæta úr því á næsta ári. Er óskað eftir 6 m.kr. fjárveitingu til þess verkefnis í fjár08.

Veðurstofan fer því fram á að framlag til stofnunarinnar á fjár08 verði hækkað tímabundið til eins árs um 28.0 m.kr. en auk þess verði grunnfjárveiting til tækjakaupa hækkuð um 10 m.kr. á næsta ári og um aðrar 10 m.kr. á árinu 2009.

Virðingarfyllst


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

— Afrit: Umhverfisráðuneyti